


Byrjendalæsi í Hvaleyrarskóla

Próunarverkefni í lestrarkennslu 2009-2011



Nafn skóla: Hvaleyrarskóli.

Nafn verkefnis: Byrjendalæsi í Hvaleyrarskóla

Nafn verkefnisstjóra: Linda Hrönn Helgadóttir

Markmið verkefnisins: Að innleiða nýjar kennsluáðferðir í lestrarkennslu sem tengja alla þætti móðurmálsins saman í eina heild. Verkefnið miðar að því að efla lestrarkennslu, auka orðaforða nemenda og möguleika á tjáningu, gefa þeim kost á samvinnu og kenna þeim snemma sjálfstæði í vinnubrögðum. Áhersla er á hlutbundin verkefni, spil og leiki og verkefni miðast við mismunandi þarfir og getu nemenda. Afrakstur verkefnisins er heildstæð kennsluáætlun um læsi og lestrarkennslu í yngstu bekkjum (1. og 2. bekk), unnin samkvæmt aðferðum byrjendalæsis.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði: Verkefnið var unnið í samstarfi við Háskólann á Akureyri sem lagði til leiðsögn með leiðtoga/verkefnisstjóra og kennurum, gögn og eftirfylgni með vinnu og framkvæmd. Einnig átti skólinn í miklu samstarfi við Hraunvallaskóla í Hafnarfirði. Talsvert samstarf var einnig við Akurskóla í Innri Njarðvík og Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi og er áframhaldandi samstarf áætlað við þessa skóla. Kennarar hittust á námssmiðjum tíu sinnum yfir skólaárið þar sem ákveðið efni var tekið fyrir í hvert sinn og gefinn kostur á samanburði og umræðum, auk þess sem kennarar heimsóttu hver annan, skoðuðu verkefni og fengu hugmyndir um útfærslur.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins: Engin veruleg frávik urðu á vinnuferlinu fyrir þá kennara sem tóku þátt í verkefninu. Námssmiðjur voru haldnar á tilsettum tíma þau tvö ár sem verkefnið spannaði. Um áramót fyrra skólaárið var skipt um verkefnisstjóra vegna veikinda en það breytti ekki skipulagningu eða eftirfylgni verkefnisins.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins: Mikils undirbúnings var krafist af þeim kennurum sem þátt tóku í verkefninu auk þess sem þeim var gert að breyta vinnulagi og aðkomu að kennslunni. Margir kvörtuðu í upphafi yfir miklu vinnuálagi og að mikill tími færi í að útbúa námsgögn. Einnig fannst kennurum hörgull á kennslugögnum sem nauðsynleg væru til að vinnan gengi vel. Kennsluaðferðin kallaði einnig að hluta á annarskonar skipulagningu og meiri mannafla en til var að dreifa.




Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:

Aðferðin hefur fest í sessi og mun kennsla í fyrstu og öðrum bekkjum fara fram samkvæmt henni áfram. Útbúin hefur verið heildstæð áætlun um stafainnlögn í 1. bekkjum þar sem kennt er eingöngu út frá gæðatextum sem skrifaðir eru sérstaklega fyrir börn. Áætlunin inniheldur kennsluáætlanir samkvæmt aðferðum byrjendalæsis út frá hverjum texta. Kennsluáætlanir innihalda markmið, leiðbeiningar um kennslu, verkefni af mismunandi þyngd og gerð, hlutbundin, skrifleg og/eða myndræn. Kennsluáætlanir og fylgigögn eru aðgengileg kennurum á innra neti skólans og verða þróuð enn frekar á komandi árum. Áætlanir fyrir 2. bekk eru í þróun þetta skólaár út frá drögum sem lögð voru meðan verkefnið stóð yfir.


Kennarar eru undantekningarlaust mjög sáttir við þær breytingar sem orðið hafa á kennsluháttum og telja kennsluna bæði áhugaverðari, skemmtilegri og að einstaklingsþörfum nemenda þeirra sé betur mætt. Hefðbundnar læsisskimanir voru lagðar fyrir nemendur þrisvar á skólaárinu í 1. bekkjum og tvisvar í 2. bekkjum. Sett viðmið um árangur nemenda var 60%, þ.e. þeir sem höfðu 60% prófsins eða meira rétt, töldust hafa náð góðum árangri, þeir sem höfðu 30%-

60% rétt þurftu eftirfylgni og hvatningu og þeir sem luku minna en 30% prófsins þurftu inngríp. Erfitt er að meta hvort árangur nemenda fór batnandi vegna breyttra kennsluhátta en sýnilegur munur varð á árangri milli skimana. Þ.e. hópurinn sem lauk 60% prófsins eða meira fór stækkandi á milli prófa. Kennarar voru þó sammála um að aðferðir byrjendalæsis auðvelduðu þeim að koma til móts við nemendur af mismunandi getu og því var auðvelt að skipuleggja verkefni fyrir þann hóp sem þurfti aukna þjálfun í þeim þáttum sem ekki tókust nægilega vel á læsisprófi.

Í vetur munu ný læsispróf verða tekin í notkun sem auðvelda enn frekar eftirfylgni með þeim nemendum sem ekki ná tilskyldum árangri. Áætlanir verða þróaðar enn frekar og verkefnum bætt við þar sem þörf er á. Allir umsjónarkennarar í fyrstu til þriðju bekkjum eru þátttakendur í teymi innan skólans sem vinnur í sameiningu að verkefninu, aflar gagna, miðlar kennsluhugmyndum og útfærslum. Talsvert hefur safnast af gögnum í skólanum sem auðvelda undirbúning auk þess sem gott samstarf hefur skapast með öðrum byrjendalæsissskólum. Vægi hlutbundinna verkefna hefur aukist og aukin samfella orðið í móðurmálskennslunni.



Mat á verkefninu samkvæmt umsókn: Þau markmið sem sett voru við upphaf verkefnisins um að efla lestrarkennslu og orðaforða nemenda, auka samfellu í móðurmálskennslu og kenna í auknum mæli í gegn um hlutbundin verkefni og leik hafa gengið eftir og aðferðin hefur fest í sessi. Ánægja er með aðferðina meðal kennara, nemenda og foreldra og mikill styrkur er að samstarfi skólans við þá byrjendalæsissskóla sem verkefnið hefur verið unnið með. Skólinn hefur innanborðs þann mannauð sem þarf til að viðhalda og þróa verkefnið til framtíðar í samstarfi við aðra byrjendalæsissskóla. Heildstæð kennsluáætlun fyrir fyrsta bekk samkvæmt aðferðum byrjendalæsis er aðgengileg á innra neti skólans ásamt drögum að áætlun fyrir annan bekk. Það er mat þeirra kennara sem að verkefninu standa að kennsluáðferðin auðveldi þeim að koma til móts við nemendur með mismunandi getu. Það nýtist öllum nemendum, ekki eingöngu þeim sem erfitt eiga með nám heldur ekki síður þeim sem koma inn í skólann með talsverða lestrarargetu strax í 1. bekk og þurfa ögrandi verkefni. Mikill áhugi, metnaður og vinnugleði ríkir í starfsmannahópnum sem stefnir áfram að því marki að þróa, bæta og efla áætlanirnar í framtíðinni.



Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:
Verkefnisstjóri sá um kynningu á verkefninu á skólafærninámskeiðum sem haldin eru fyrir foreldra verðandi fyrstu bekkinga að vori og hausti ár hvert. Einnig kynnti verkefnisstjóri aðferðina á námskeiði um tengsl leik- og grunnskóla sem haldið var á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar í vetur. Kynningar fyrir foreldra fyrstu og annarra bekkja mun fara fram í haust auk kynningar fyrir starfsfólk skólans. Stutta samantekt um þátttöku í verkefninu má einnig finna á heimasíðu skólans hvaleyrraskoli.is. ásamt myndum af vinnu nemenda.

Hvaleyrraskóli, Hafnarfirði
27. 06. 2011

Linda Hrönn Helgadóttir

Undirskrift verkefnisstjóra

Helgi Arnarson

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla